

Lýsigögn millibankamarkaðar með gjaldeyri

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Millibankamarkaður með gjaldeyri

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun.

Tilgangur

Upplýsingar um veltu á millibankamarkaði með gjaldeyri og inngrip Seðlabanka á gjaldeyrismarkaði.

Heimildir

Daglegar tilkynningar um gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði til Seðlabankans.

Lagagrundvöllur

[Reglur um gjaldeyrismarkað nr. 1098](#) frá 3. desember 2008 settar með tilvísun í 32. gr. [laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands](#), svo og 8. gr. [laga nr. 87/1992 um gjaldeyrisvæðingarmál](#).

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Millibankamarkaður með gjaldeyri

Gengi íslensku krónunnar er ákvarðað á gjaldeyrismarkaði. Rétt til þátttöku á markaðnum hafa svokallaðir viðskiptavakar og Seðlabanki Íslands. Viðskiptavakar geta orðið aðilar sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta skv. 8 gr. laga nr. 87/1992 og 9 gr. [reglugerðar 679/1994](#). Millibankamarkaður með gjaldeyri er opinn frá kl. 9:15 til 16.00 hvern viðskiptadag. Lesefni um tilurð og þróun gjaldeyrismarkaðar á Íslandi má finna í [3. hefti Peningamála frá 2001](#).

Heildarvelta

Heildarviðskipti er summa gjaldeyrissölu allra viðskiptaaðila á millibankamarkaði þ.m.t Seðlabanka.

Nettókaup Sí

Gjaldeyriskaup að frádreginni gjaldeyrissölu Seðlabankans á millibankamarkaði.

Gengisskráning

Seðlabanki Íslands skráir gengi krónunnar gagnvart erlendum myntum með hliðsjón af tilboðum viðskiptavaka kl.10:45 á hverjum viðskiptadegi. Skráningin er birt á heimasíðu Seðlabankans um kl. 11.00 undir [opinber gengisskráning](#).

3. Áreiðanleiki gagna

Aðilar á millibankamarkaði tilkynna Seðlabankanum um dagleg gjaldeyrisviðskipti sín og því gjaldeyriskaup afstemmanleg við gjaldeyrissölu á millibankamarkaði á hverjum tíma.

4. Endurskoðun gagna

Gögn eru endurskoðuð komi fram leiðréttingar frá viðskiptavökum eða í samráði við þá. Athugasemd er höfð við gögn fram að næsta birtingardegi hafi þau verið endurskoðuð.

5. Birting

Gögn um gjaldeyrismarkað eru birt á er birt á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) á mánaðarlegri tíðni frá janúar 2000 og á daglegri tíðni frá janúar 1999. Dagleg yfirlit um viðskipti á gjaldeyrismarkaði eru birt með 2ja daga tímatöf. Mánaðarleg yfirlit viðskiptanna birtist í Hagtölum Seðlabankans skv. [birtingaráætlun](#).

6. Annað

Aðilar á millibankamarkaði með gjaldeyri auk Seðlabanka Íslands eru:

- Arion banki hf.
- Íslandsbanki hf.
- Landsbankinn hf.
- Kvika banki hf.